

# Fundargerð 44. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2018, föstudaginn 27. apríl kl. 10:15 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Friðbjörg Matthíasdóttir, Steinunn María Sveinsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Anna Lind Ragnarsdóttir og Sigrún Árnadóttir boðuðu forföll. Einnig boðaði Bjarni Bjarnason, varamaður Önnu Lindar Ragnarsdóttur, forföll, en bæði aðal- og varamenn voru boðaðir á fundinn vegna afgreiðslu stjórnar á stefnumörkun samtakanna í fiskeldi.

Gestur fundarins vegna umfjöllunar um neðangreint frumvarp um fiskeldi var Vigdís Ósk Häsler Sveindóttir, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og vék hún af fundi að þeim dagskrárlið loknum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Formaður lagði fram dagskrárbreytingu þess efnis að 2. dagskrárliður yrði tekinn fyrir á undan 1. dagskrárlið og var það samþykkt samhljóða.

### **1. Drög að lagafrumvarpi um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi - 1802001SU**

Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, lagði fram drög að umsögn sambandsins um frumvarpið, sem unnin er í nánu samráði við stjórn samtakanna.

*Stjórn samtakanna fór yfir drögin ásamt Vigdís Ósk og kom athugasemdum sínum á framfæri með ósk um að tekið verði tillit til þeirra í endanlegri umsögn.*

*Að því loknu var starfsmanni samtakanna falið að ganga frá formlegri umsögn samtakanna vegna lagafrumvarpsins, með vísan í sameiginlega umsögn sambandsins og samtakanna, að því gefnu að breytingartillögur hennar gangi eftir.*

*Þá var í tengslum við þessa umræðu ákveðið að Vigdís Ósk kæmi drögum sambandsins að umsögn um nýja löggjöf um skipulag haf- og strandsvæða á framæfri við stjórn samtakanna vegna umsagnar þeirra um það frumvarp og mögulega sameiginlegrar umsagnar.*

### **2. Stefnumörkun í fiskeldi - 1712002SU**

Fyrir fundinn lá almenn umsögn sem samtökunum barst frá Súðarvíkurhreppi um stefnudrög og aðgerðaráætlun og einnig athugasemd frá Djúpsvogshreppi um að liður 3.b) í aðgerðaráætlun verði felldur burt.

Stjórn tók undir með umsögn Súðarvíkurhrepps og samþykkti jafnframt tillögu Djúpavogshrepps og verður liður 3.b) felldur úr aðgerðaráætlun.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ákveðinn kl. 14:00, miðvikudaginn 2. maí nk.

Fundi var slitið kl. 12:15

---

Gauti Jóhannesson

---

Friðbjörg Matthíasdóttir

---

Steinunn María Sveinsdóttir

---

Páll Björgvin Guðmundsson